

Sjö prep faglegra lærdómsteyma

Prep	Spurningar sem skilgreina þrepið	Lýsing á hverju þrepi	Hvernig teymið þróast áfram
Prep 1 Að fylla upp í tímann	Hvað er okkur ætlað að gera nákvæmlega?	Teymi á þessu þrepi trúá hugtök lærdóms-samfélagsins en skortir skýrar leiðbeiningar eða reynslu varðandi það sem þau þurfa að einbeita sér að meðan á samvinnu stendur. Teymi á þessu þrepi eiga venjulega í erfiðleikum með að nýta tíma sinn skipulega eða reyna að framkvæma of margt í einu á of stuttum tíma. Þetta prep einkennist of oft af gremju, ráðleysi og löngun til að fara aftur í það sem var þægilegt.	Teymi á þessu þrepi þurfa skýrar viðmiðunarreglur og væntingar. Það hjálpar einnig að skilgreina skýr og sértæk verkefni fyrir hópinn, útbúa skýrt skipulag, setja skýr viðmið og sameiginlegar skuldbindingar. Að byggja upp skipulag á grunni lærdómssamfélagsins er lykilatriði fyrir virkni teyma.
Prep 2 Að deila persónulegri reynslu	Hvað er hver og einn að gera í sinni kennslu?	Kennarar á þessu þrepi kunna að hafa raunverulegan áhuga á því sem aðrir kennarar eru að gera, í von um að fá nýjar hugmyndir. Litið er á samræðu um kennslu sem samstarf og samvinnu en felur ekki í sér ígrundun á námi. Samræður um starfið/kennsluna eru frekar yfirborðskenndar á þessu þrepi og hætta er sú að skrefið að ígrundun um nám nemenda sé aldrei stigið. Samtöl um æfingar eru þægileg á þessu stigi en hætta er á því að aldrei verði tekið skref í áttina að því að tala um nám nemenda.	Skólastjórnendur geta stuðlað að þróun í starfsháttum með því að krefjast þess að meðlimir teymis vinni sameiginlega að því að taka ákvarðanir um námskrá, námsmat eða kennslu. Þannig má draga úr ákvörðunum sem byggja á mati einstaklinga og auka sameiginlega ákvarðanatöku. Þetta gefur tilefni til samræðu um sameiginlega ábyrgð.
Prep 3 Skipulagning	Hvað eigum við að kenna og hvernig getum við létt undir hvert með öðru?	Kennarar nýta sér kosti teymsivinnunnar til að skipuleggja saman. Þeir skipta á milli sín skipulagningu kennslustunda, verkefna og þema og deila þannig vinnuframlagi sínu, frekar en að þeir vinni hver í sínu horni. Því miður festast mörg teymi þarna og gleyma að horfa til árangurs nemenda. Athygli kennaranna er öll á kennslu frekar en á nám nemenda.	Hér er æskilegt að nota og horfa til árangurs nemenda við skipulagningu námsins. Spurningarnar sem ætti að spyrja hér eru: Eru nemendur að læra það sem þeim er ætlað að læra? Hvernig er vitað að þeir hafi lært það sem þeim er ætlað?
Prep 4 Að þróa sameiginlegt mat	Hvernig er vitað að nemendur hafi lært, það sem þeim var ætlað að læra? Hvernig hæfni er verið að sækjast eftir?	Vinna við sameiginlegt mat þvingar kennara til að skilgreina nákvæmlega hvað nemendur eiga að læra og hvernig sýnt er fram á að þeir hafi lært það. Ekki er ólíklegt að ný teymi kennara reyni að forðast sameiginlegt mat og komast þannig hjá erfiðum samræðum. Hins vegar er sameinging mat á árangri grundvöllur þess að færa áhersluna af kennslu yfir á nám nemenda.	Skólastjórnendur ættu að íhuga hvernig hægt er að minnka flækjustig slíkra samræðna og móta ferli fyrir sameiginlega ákvarðanatöku. Sá tími sem fer í að greina muninn á mati á námi og mati til náms er mikilvægur. Það að þjálfra hæfni kennara til að nota fjölbreyttar matsaðferðir er mjög mikilvægt á þessu þrepi.

Þrep 5 Að greina nám nemenda	Eru nemendur að læra það sem þeim er ætlað að læra?	Lærdómsteymi leggja áherslu á nám fremur en kennslu. Kennarar nýta tíma sinn til að fylgjast með og kryfja vinnu nemenda, greina styrkleika þeirra og möguleika til að bæta sig enn frekar. Teymi geta verið mjög áhugasöm á þessu þrepi og árangursdrifin. Þetta getur leitt til þess að kennarar í teyminu upplifi mikla persónulega pressu að ná árangri. Ef teymið upplifir sameiginlega ábyrgð og eignarhald gefur það þeim tæki færi til að takast á við pressuna og finna lausnir til að mæta endalausum áskorunum. Draga þannig úr áhrifum streitu.	Hér þurfa að vera til tæki og ferlar fyrir skilvirka gagnagreiningu. Þá þurfa kennarar á þessu þrepi mikinn stuðning og þolinmæði. Allt umhverfið þarf að einkennast af öryggi. Það að geta tekið persónuna út fyrir sviga þegar árangur er greindur sameiginlega er nauðsynlegt. Skólastjórnendur ættu einnig að ganga sömu leið með því að gefa gott fordæmi með gagnadrifnu opnu mati á störfum sínum.
Þrep 6 Að laga nám að þörfum nemenda.	Hvernig er kennsla skipulögð þannig að hún styðji bæði við þá sem þurfa sértækan stuðning og þá sem skara fram úr?	Kennarar og skólastjórnendur sameinast um það markmið að hjálpa öllum nemendum að ná árangri í námi. Framkoma og væntingar kennara í teyllum endurspeglar þessa skuldbindingu. Teymin vinna náið saman að sameiginlegri skuldbindingu sem er að styðja við nám nemenda þannig að allir nái árangri. Kennarar bregðast því við sem hópur en ekki sem einstaklingar.	Setja fram ögrandi spurningar sem kalla á ígrundun á fjölbreyttum leiðum til íhlutunar í nám og kennslu. Styðja við faglega starfsþróun kennara og teymisins.
Þrep 7 Endurmat og ígrundun á kennslu	Hvaða starfshættir hafa mest áhrif á árangur nemenda?	Spurningin tengir þannig nám nemenda við starfshætti kennara í lærdómsferli teymisins. Teymin stunda ígrundun á starfsháttum sínum með starfendarrannsóknnum og jafningjastuðningi (lesson study). Á þessu þrepi eru kennarar að fylgjast með kennslu hver hjá öðrum, taka upp kennslustundir, bjóða öðrum meðvitað að vera með í rannsóknarhópi. Þannig vex teymisvinnan/-kennslan inn í menningu skólans.	Skólastjórnendur þurfa að styðja við matsferlið þar sem tengsl kennslu og náms eru metin og skoðuð. Það þarf að skapa svigrúm fyrir kennara til að fylgjast með öðrum að störfum, vinna starfendarrannsóknir og fyrir samræður milli teyma þar sem þau bera saman bækur sínar og reynslu. Þannig má festa þessi vinnubrögð í menningu skólans.

Gunnar Gíslason þýddi 2019

Adapted from the National Staff Development Council's, Journal of Staff Development "One Step at a Time" by Parry Graham and Bill Ferriter. Summer 2008, Vol. 29, NO 3, P. 38.